

Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal

Afhending 2013/23

Oddur Gunnarsson fæddist á Dagverðareyri við Eyjafjörð þann 4. janúar 1943 og ólst þar upp. Hann útskrifaðist sem búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal árið 1962.

Gígja A. Snædal Rósbergsdóttir fæddist á Akureyri 9. júlí 1947. Hún lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar árið 1964.

Oddur og Gígja giftust árið 1971 og bjuggu heimili sitt að Dagverðareyri þar sem þau ráku í fjölda ára félagsbú í samvinnu við foreldra Odds. Eftir fráfall þeirra tóku Oddur og Gígja alfarið við búinu.

Auk þess að vera bóndi var Oddur einnig virkur í félagsmálum. Hann var í stjórn Landsambands kúabænda sem og í stjórn Skógræktarfélags Eyjafjarðar um árabíl, sat í hreppnefnd Glæsibæjarhrepps og síðar Hörgárbyggðar í 20 ár, þar af var hann oddviti í 8 ár. Hann sat einnig um tíma í stjórn Sparisjóðs Norðlendinga, í skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri og í varastjórn KEA.

Oddur lést árið 2008. Hann og Gígja eignuðust 4 börn.

Gögnin voru afhent af Gígju Snædal. Önnur afhending úr fórum þeirra hjóna er 2012/71.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
15.5.2020

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
-----------	-----	------	------

Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal

2013 / 23

A - Oddur Gunnarsson og Gígja Snædal

1875 - 1969

2013 -	A / 1	1	1926- 1927	Innventarbók fyrir Hótel Oddeyri (komið frá Kristínu Eggertsdóttur)	17 x 11 cm
2013 -	A / 1	2	1875- 1875	Leiðbeiningabók fyrir landbúnaðartæki, með uppdráttum, á íslensku.	20 x 13 cm
2013 -	A / 1	3	-	Leiðbeiningabók fyrir landbúnaðartæki á norsku. Árt. óþekkt.	23 x 15,5 cm
2013 -	A / 1	4	1947- 1961	Reikningabók. Skrifuð af Gunnari Kristjánssyni	21,5 x 17 cm
2013 -	A / 1	5	1961- 1961	Rekstrarreikningur hússins á Dagverðareyri. Skrifað af Gunnari Kristjánssyni.	21,5 x 15,5 cm
2013 -	A / 1	6	1926- 1969	Reikningsdæmi við vorpróf 5. bekkjar (1926). Skattaframtal Gunnars Kristjánssonar 1962 Veðleyfi fyrir Gunnar Kristjánsson 1963 Vísar 1969 (höf. óþekktur)	Laus blöð